

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 27/2014

2014/EES/42/24

frá 14. febrúar 2014

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 628/2013 frá 28. júní 2013 um starfsaðferðir Flugöryggisstofnunar Evrópu við eftirlit með stöðlun og vöktun á beitingu reglnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 736/2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 628/2013 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 736/2006 <sup>(2)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Texti liðar 66qa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 736/2006) í XIII. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32013 R 0628**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 628/2013 frá 28. júní 2013 um starfsaðferðir Flugöryggisstofnunar Evrópu við eftirlit með stöðlun og vöktun á beitingu reglnanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 736/2006 (Stjtið. ESB L 179, 29.6.2013, bls. 46).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „framkvæmdastjórnina“, „framkvæmdastjórnarinnar“, „framkvæmdastjórninni“ og „framkvæmdastjórnin“ í 1. og 4. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr., staflið c) í 1. mgr. 10. gr., 6. og 7. mgr. 16. gr., staflið e) í 4. mgr. og í 6. mgr. 17. gr., 3. mgr. 19. gr., staflið b) í 3. mgr. og í 4. mgr. 22. gr. og í 23. gr. komi orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ eða „Eftirlitsstofnunar EFTA“, að því er varðar EFTA-ríkin.
- b) Í 1. mgr. 21. gr. komi orðin „eða samnings á milli EFTA-ríkjanna og þriðja lands“ á eftir orðunum „samnings í Sambandinu“ og orðin „með áorðnum breytingum samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að EES-samningnum“ komi á eftir orðunum „reglugerðar (EB) nr. 216/2008“.
- c) Í 2. mgr. 21. gr. komi orðin „eða hugsanlegs framtíðar samstarfssamkomulags á milli EFTA-ríkis og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar“ á eftir orðunum „á milli Sambandsins og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar“.

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 628/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 179, 29.6.2013, bls. 46.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 10.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.